

FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

SJÁLFSMATSSKÝRSLA FÍV

2007-2008

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	5
1. STEFNUSKRÁ FÍV	6
1.1 HLOTVERK FÍV	6
1.2 LEIÐARLJÓS FÍV.....	6
1.3 MARKMIÐASETNING FÍV	6
1.3.1 Skólinn	6
1.3.2 Nemandinn	7
1.3.3 Umgjörð, stjórnun, ímynd, mannauður	7
2. LÝSING Á STARFSEMI SKÓLANS	8
2.1 HLOTVERK.....	8
2.2 NÁMSBRAUTIR.....	8
2.3 SKIPURIT FÍV	9
3. UMFANG FÍV OG HELSTU HLUTFÖLL OG STÆRÐIR.....	10
3.1 NEMENDUR.....	10
3.1.1 Kynjahlutfall nemenda	10
3.1.2 Fjöldi nemenda á einstaka námsbrautum.....	11
3.1.3 Aldurshlutfall nemenda	12
3.2 STARFSFÓLK.....	12
3.2.1 Stjórnendur og kennarar	13
3.2.2 Annað starfsfólk	13
3.3 HÚSNÆÐI.....	14
3.4 STARFSTÍMI	14
3.5 KENNSLUSTUNDIR OG ÁFANGAR.....	15
4. RAMMI UM SJÁLFSMAT FÍV.....	16
4.1 SJÁLFSMATSÆÐFERÐ.....	16
5. SJÁLFSMATSMÆLINGAR 2007-2008.....	19
5.1 STARFSMANNASAMTÖL	19
5.1.1 Framkvæmd og niðurstöður.....	19
5.1.2 Greining og úrbætur	20
5.2 KENNSLUKÖNNUN (ÁFANGAMAT)	20
5.2.1 Framkvæmd og niðurstöður.....	21
5.2.2 Greining og úrbætur	25

5.3	KÖNNUN Á VIÐHORFI FORELDRA NEMENDA VIÐ FÍV TIL SKÓLANS	25
5.3.1	Spurningarnar	26
5.3.2	Niðurstöðurnar	27
5.3.3	Greining og úrbætur	27
5.4	ÍMYNDARKÖNNUN	28
5.4.1	Spurningar og niðurstöður	28
5.4.2	Greining og úrbætur	29
5.5	KÖNNUN Á STARFSUMHVERFI	29
5.5.1	Framkvæmd og niðurstöður	29
5.5.2	Greining og úrbætur	30
6.	NÚVERANDI STAÐA SKORKORTS.....	31
6.1	FJÁRMÁL	31
6.1.1	Árangursrík fjármálastjórnun	31
6.1.2	Áreiðanlegar upplýsingar um rekstur og starfsemi	31
6.1.3	Standast fjárhagsáætlanir	31
6.2	STARFSMENN / ÞEKKING / UT	32
6.2.1	Efla þekkingu starfsmanna	32
6.2.2	Auka ánægju starfsmanna.....	32
6.2.3	Öflug notendavæn upplýsingakerfi	33
6.2.4	Samvinna í starfi	33
6.2.5	Eftirsóttur vinnustaður	34
6.3	INNRI FERLI.....	34
6.3.1	Efling kennslu á sem víðtækastan hátt.....	34
6.3.2	Efla námsleiðir	35
6.3.3	Innri og ytri endurskoðun og sjálfsmat.....	35
6.3.4	Öruggt og heilnæmt umhverfi.....	35
6.3.5	Markviss kynning á skólanum.....	36
6.4	VIÐSKIPTAVINIR	36
6.4.1	Aukin menntun nemenda.....	36
6.4.2	Öflugt námsframboð	37
6.4.3	Aukinn þroski nemenda.....	37
6.4.4	Aukin ánægja nemenda með skólann	38
6.4.5	Góð líðan nemenda	38
6.4.6	Bætt ímynd skólans meðal bæjarbúa.....	38

7. GREINING TÖLFRÆÐILEGRA GAGNA INNAN FÍV	39
7.1 MÆTINGAR NEMENDA	39
7.2 NIÐURSTÖÐUR PRÓFA	39
8. SAMSTARF VIÐ AÐRA SKÓLA	40
9. ÞRÓUNARVERKEFNI.....	41
10. SAMANTEKT OG UMBÓTAÁÆTLUN.....	42
10.1 SAMANTEKT.....	42
10.2 UMBÓTAÁÆTLUN.....	43

Inngangur

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi FÍV. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs- og þróunaráætlunum.

Helstu og stærstu þættir í þessari sjálfsmatsskýrslu eru líkt og áður tengdir viðhorfum nemenda til kennslu innan skólans þar sem notast er við kennslumat á öllum áföngum innan skólans og er það lagt fyrir nemendur á Námskjánum (rafrænt námsumhverfi nemenda og kennara). Einnig hafa verið mæld viðhorf foreldra þeirra ólögráða nemenda sem eru við skólann og var þar notast við skoðanakannanir sem sendar voru forráðamönnum nemenda. Starfsmannamál og fjármál skólans koma einnig við sögu og eru þeir þættir rökstuddir ýmist með mælanlegum aðferðum og á einhvern hátt huglægum.

Auk þeirra þátta sem mældir voru á síðasta námsári er einnig stuðst við þætti sem mældir voru á vorönn 2007 og hafa ekki verið endurteknir á vorönn 2008.

Huglægir þættir ásamt rökstuðningi stjórnenda um þá þætti sem ekki hafa sérstaklega verið mældir, eru eins og áður segir settir fram í skýrslunni, þar sem ekki eru allir þættir sjálfsmatslíkans skólans auðmælanlegir eða þá að þeir eru ekki mældir árlega.

Það er okkar mat að sú sjálfsmatsvinna sem unnin er innan skólans og af öðru fagfólki utan hans geri skólann meðvitaðri um faglega stöðu sína bæði í innra og ytra umhverfi hans og styrki hann þar með.

1. Stefnuskrá FÍV

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill með stefnuskrá sinni skapa hin bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá framhaldsskóla.

1.1 Hlutverk FÍV

Hlutverk Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik. Skólinn leggur sérstaka áherslu á að gera nemendum kleift að stunda sem fjölbreyttast nám í sinni heimabyggð. Jafnframt mun skólin leitast við að skapa sér sérstöðu og bjóða upp á nám sem laðar að nemendum annars staðar af landinu.

1.2 Leiðarljós FÍV

Leiðarljós skólans er að námið og skólastarfið almennt stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

1.3 Markmiðasetning FÍV

Svo Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum megi þjóna því hlutverki sem honum er ætlað, stefnir hann að þremur meginmarkmiðum. Þau markmið eru tilgreind hér að neðan ásamt leiðum til að ná þessum markmiðum.

1.3.1 Skólinn

Markmið: Að bjóða upp á fjölbreytt og gott nám.

Leiðir: Markmiði þessu hyggst skólinn ná með því að:

- a) Leggja áherslu á námsframboð í samræmi við þarfir samfélagsins
- b) Efla samvinnu við ýmsa aðila (íbúa, fyrirtæki og aðra skóla)
- c) Efla kennslu.
- d) Efla stoðþjónustu.

1.3.2 Nemandinn

Markmið: Að nemendur öðlist víðsýni, þekkingu og sjálfstraust svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik.

Leiðir: Markmiði þessu hyggst skólinn ná með því að:

- a) Hvetja nemendur til stöðugar þekkingarleitar og þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- b) Auka víðsýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfa þá í gagnrýninni hugsun.
- c) Efla hollt félagslíf nemenda.
- d) Efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.

1.3.3 Umgjörð, stjórnun, ímynd, mannauður

Markmið: Að starfsfólki og nemendum líði vel í skólanum og stuðla þannig að vexti og eflingu skólans innávið og útávið.

Leiðir: Markmiði þessu hyggst skólinn ná með því að:

- a) Gera stjórnun skilvirka.
- b) Hafa boðleiðir greiðar.
- c) Fylgja eftir reglum skólans og tryggja að umgengni innan skólans og á skólalóð sé ætíð í góðu lagi.
- d) Skapa gott vinnu- og námsumhverfi og bæta aðbúnað.
- e) Efla útgáfustarfsemi og kynningu á starfsemi skólans.

2. Lýsing á starfsemi skólans

2.1 Hlutverk

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er framhaldsskóli í Vestmannaeyjum og starfar skv. lögum um framhaldsskóla nr. 80 frá 1996. Í lögnum segir m.a: Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Framhaldsskólinn leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kennir þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetur til stöðugar þekkingarleitar. Hlutverk skólans er samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti að halda úti kennslu á þeim námsbrautum sem tiltekna eru í 4. kafla¹ samningsins og brautskrá þá nemendur er ljúka þar skilgreindum lokaprófum. Skólinn rækir hlutverk sitt með hliðsjón af nemendafjölda og því fjármagni sem hann hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

2.2 Námsbrautir


Á starfsárinu voru starfræktar eftirfarandi brautir við skólann skv. Aðalnámskrá 1999:

- Almenn námsbraut
- Starfsbraut fatlaðra
- Viðskiptabraut
- Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina
- Skipstjórnarbraut 1. stig, Skipstjórnarbraut 2. stig
- Vélstjórnarbraut 1. stig, vélstjórnabraut 2. stig
- Sjúkraliðabraut og sjúkraliðabrá
- Viðbótarnám til stúdentsprófs

¹ Í 4 kafla skólasamnings 2006-2008 er skólanum heimilt að starfrækja eftirtaldar brautir; AN, FÉ, FT, GBM, GR, HÚ8, MB, MG, MR8, NÁ, PL9, S30, SJ, SK1, SK2, ST1, ST3, VI, VSS, VV1, VV2.

- Stúdentsprófsbrautirnar:
 - ❖ Félagsfræðibraut
 - ❖ Viðskipta- og hagfræðibraut
 - ❖ Málabraut
 - ❖ Náttúrufræðibraut

2.3 Skipurit FÍV



Skipurit skólans sýnir helstu boðleiðir innan skólans og er því skipt í þrjá meginþætti; Stjórnun, þjónustu og kennslu. Námið eða öllu heldur nemendur er staðsett sem meginkjarni skipuritsins á þann hátt að aðrir þættir skipuritsins eru byggðir í kringum þann kjarna.

3. Umfang FÍV og helstu hlutföll og stærðir

3.1 Nemendur


Við upphaf haustannar voru 334 einstaklingar skráðir í nám við FÍV í sem samsvarar rúmlega 256 nemendaígildum, en þeim fækkaði fljótt í 320. Auk þess voru 16 skráðir í kvöldskóla. 20 einstaklingar hættu síðan námi fyrir próf. Að auki voru skráðar 27 úrsagnir úr einstaka áföngum, samtals 66 einingum. 14 nemendur útskrifuðust með stúdentspróf í desember og 14 nemendur útskrifuðust af vélstjórnarbraut og 6 nemendur af grunndeild bygginga- og mannvirkjagreina. Einnig útskrifuðust 24 nemendur með pungapróf.

265 nemendur hófu nám á vorönn og fylltu 226 nemendaígildi. Undir lok annar höfðu 14 sagt sig úr námi að fullu og að auki skráðar 51 úrsögn úr einstaka áföngum, samtals 130 einingar. Útskrifaðir voru 18 stúdentar, 4 vélaverðir og 1 vélstjóri 2. stigs.

3.1.1 Kynjahlutfall nemenda


Á haustönn 2007 var heldur meira um karlkyns nemendur við skólann eða 55,6% á móti 44,4% kvenkyns nemendum. Á vorönn 2008 minnkaði bilið verulega og karlkyns nemendur voru þá 50,6% á móti 49,4% kvenkyns nemenda. (Sjá skífurit á næstu blaðsíðu)

Okkar mat er að þessi munur á kynjunum á haustönn tengist hvað helst ásókn karla í skipstjórnar- og vélstjórnabrautir við skólann auk þess að pungaprófið var eingöngu kennt á haustönn. Hvað varðar jöfnun á hlutfalli kynjanna við skólann á vorönn, má útskýra með miklum fjölda karlkyns nemenda sem útskrifuðust í lok haustannar af hinum „karllægu brautum skólans“; vélstjórnarbraut, grunndeild bygginga- og mannvirkjagreina, og loks þeir 24 nemendur sem luku pungaprófi, þar sem einungis var einn kvenkyns nemandi.



3.1.2 Fjöldi nemenda á einstaka námsbrautum

Fjöldi nemenda á einstaka námsbrautum skólans á haustönn 2007 og vorönn 2008 var á eftirfarandi hátt:




Líkt og fyrri ár eru félagsfræði- og náttúrufræðibrautirnar langumfangsmestu námsbrautir skólans. Vert er að nefna að tvær námsbrautir komu

nýjar inn á haustönn; Skipstjórnarbrautin með 17 nemendur í upphafi annar og Viðskipta- og hagfræðibraut með einungis 4 nemendur í upphafi annar. Pungapróf var eingöngu kennt á haustönn 2007 og útskýrir það því núllgildi vorannar á þeirri braut.

3.1.3 Aldurshlutfall nemenda

Við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum er aldurskipting nemenda frekar dreifð eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti. Þar má sjá aldurskiptingu og samanburð á haust- og vorönn námsárið 2007 – 2008. Hafa ber í huga að heildarfjöldi nemenda í upphafi haustannar var 320 en á vorönn var hann öllu minni, eða 265 nemendur.



3.2 Starfsfólk

Á skólaárinu 2007 -2008 störfuðu að jafnaði 42 til 43 einstaklingar við kennslu, stjórnun, ráðgjöf og önnur störf í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum.

Í kennslu, námsráðgjöf og stjórnun eru 21 stöðugildi og af þeim voru tæplega tvö unnin af stundakennurum, sem voru 7 á haustönn og 5 á vorönn. Í fullu starfi eru 15 - 16 kennarar og stjórnendur og talsvert

margir þeirra með nokkra yfirvinnu, en 7 – 9 eru í hlutastöðum. Þrír starfsmenn voru í leyfum og eru ekki taldir með hér.

Önnur störf eru unnin af 11 – 13 einstaklingum. Þrír eru í fullu starfi, aðrir í hlutastarfi eða afleysingum. Stöðugildi eru 7.

Heildarlaunagreiðslur á árinu 2007 voru 137,8 milljónir, sem eru 80% af heildargjöldum.

3.2.1 Stjórnendur og kennarar

Stjórnun er þannig háttað, að dagleg yfirstjórn er í höndum skólameistara og tveggja aðstoðarstjórnenda, aðstoðarskólameistara (77% staða) og áfangastjóra (77% staða).

Sérstakir brautarstjórar eru ráðnir úr hópi kennara til að halda utanum verknámsbrautir og almennu brautina. Þeir voru 4 á starfsárinu og umbun felst í hærri launaflokkun. Átta verkefnastjórar eru voru ráðnir úr hópi kennara til að stýra eftirfarandi verkefnum: Forvarnir, jafnréttismál, félagsmál, skólasókn, erlent samstarf, leiðsögn nýliða, umsjón í vélasal og umsjón með þróunarverkefnum. Verkefnastjórnin er einnig launuð með viðbótar launaprepum.

Fastir kennarar og stjórnendur voru 25 á haustönn 2007, þar af 9 án kennsluréttinda, en nokkrir þeirra voru í lítilli kennslu. Á vorönn 2008 voru föstu kennararnir 24 þar af 8 án réttinda, en helmingur þeirra er í námi og langt komin með að afla sér kennsluréttinda.

3.2.2 Annað starfsfólk

Við önnur störf áður ótalin, starfa að jafnaði 11 – 13 einstaklingar. Þrír eru í fullu starfi, það eru skrifstofustjóri, forstöðumaður bókasafns (bókavörður) og umsjónarmaður húsnæðis. Í hlutastörfum eru fjármála- stjóri (75%), hjúkrunarfræðingur (25%), matráðskona (42%), 6 ræstitæknar (47% starf hjá hverjum) og tveir eru til vara. Einn úr hópi annars starfsfólks, er ráðinn verkefnastjóri (ritstjórn heimasíðu). Auk ofantaldra starfa, er kerfisstjóri (tölvuumsjón og viðhald) ráðinn sem verktaki, en þó með fasta viðveru (samsvarar uþb 40 – 50 % starfi).

3.3 Húsnæði

Skólahúsnæðið er í heild 3.172 fermetrar og þar af eru 918 fermetrar kennslurými. Í skólanum eru 14 kennslustofur, 1 stórt rými með borðum fyrir nemendur sem jafnframt er hátíðarsalur og notaður í prófum, skrifstofur og bókasafn.

Skólinn er vel tækjum búinn og eru skjávarpar og tölvur í hverri kennslustofu ásamt þráðlausu netsambandi fyrir nemendur og í raun alls staðar innan veggja skólans.

Á bókasafni skólans eru um 10.000 bókatitlar, 100 myndbanda, 60 geisladiskar og í áskrift eru 20 tímarit. Á bókasafninu eru einnig vinnuborð og lessalur fyrir nemendur. Nemendur hafa aðgang að tölvum á bókasafni ásamt því að geta nýtt sér tölvustofu skólans þegar þar er ekki verið að kenna.

Undanfarin tvö ár hefur sólhýsi sem í er aðstaða fyrir nemendur verið endurnýjað og kvenna- og karlasalerni skólans einnig. Þá er nú verið að vinna að því að endurnýja samkomusal skólans á veglegan hátt þar sem þegar hefur verið komið fyrir stóru sýningartjaldi ásamt þráðlausum skjávarpa, og hljóðkerfi hefur einnig verið bætt. Vinnuaðstaða nemendafélags er einnig ganga í gegnum endurnýjun lífdaga ásamt aðstöðu stúdentsefna skólans fyrir kaffisölu og meðlæti.

Sífelldar endurbætur á aðstöðu bæði kennara og nemenda eru í framtíðarskipulagi skólans sem ætlað er að gera hann verðmætari fyrir viðskiptavinum hans, og með bættri vinnuaðstöðu og umhverfi aukast möguleikar á aukinni starfsánægju meðal starfsmanna skólans.

3.4 Starfstími

Skólinn er opinn 11 mánuði á ári en kennsla fer fram í 9 mánuði frá lokum ágústmánaðar til loka maímánaðar. Skólaárið skiptist í tvær annir; haustönn sem lýkur með prófum í desemberlok, og vorönn sem lýkur með prófum í maílok. Að jafnaði eru 10 dagar notaðir fyrir próf á hvorri önn

og 2-3 dagar í frágang þeirra. Hefð er fyrir því að útskrifað sé á laugardögum.

Kennsluvikur á hvorri önn eru u.þ.b. 15 og reynt er að hafa annirnar sem jafnastar.

3.5 Kennslustundir og áfangar

Á haustönn 2007 var kennt í 102 hópum og að meðaltali voru 17,8 nemendur í hverjum hópi að meðaltali. Kennslustundir annarinnar voru 9180 talsins.

Á vorönn 2008 var kennt í 73 hópum og að meðaltali voru 19,5 nemendur í hverjum hópi. Kennslustundir annarinnar voru 6570 talsins.

4. Rammi um sjálfsmat FÍV

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs – og þróunaráætlunum. Við sjálfsmatið notast skólinn við Stefnumiðað árangursmat og má lesa meira um það tæki á heimasíðu skólans á eftirfarandi vefslóð: http://www.fiv.is/Files/Skra_0019476.doc. En í stuttu máli þá hefur á undanförunum misserum verið unnið að sjálfsmatskerfi sem vinnur á þann hátt að reglubundnar mælingar eru gerðar á öllum þáttum skólastarfsins og þær síðan bornar saman við þau markmið sem skólinn hefur sett sér. Ef við nálgumst ekki markmiðin er gripið til aðgerða sem eiga að færa skólann nær settu marki og áhrifin sjást í næstu mælingu. Ef markmiðin nást eru sett ný eða önnur í þeirra stað. Þannig stuðlar sjálfsmatið að þróun og jákvæðum breytingum í skólastarfinu. Þessi aðferð er hluti af stefnumiðudu árangursmati sem notað er við á stjórnun skólans.

4.1 Sjálfsmatsaðferð

Grunnurinn að því árangursmatskerfi sem smíðað hefur verið í FÍV er fenginn úr kerfi sem nefnist: „Balanced Scorcard“. Helstu þrep þess eru eftirfarandi:

1. Fyrst setur skólinn sér stefnu og markmið í skólastarfinu sem taka mið af framtíðarsýn og hlutverki hans, en um leið er þeim ætlað að bæta skólastarfið (sjá kafla 1. Stefnuskra FÍV). Helstu markmiðum er stillt upp í skorkorti sem sýnir að hvaða þáttum (víddum) skólastarfsins þau snúa að; “viðskiptavinum”, innri ferlum í skólastarfinu eða fjármálum.
2. Næst eru settir upp mælikvarðar (mælitæki) til að mæla hvernig okkur gengur að ná settum markmiðum. Oft þarf að nota fleiri en einn mælikvarða á hvert markmið. Á þessu stigi fer fram hið stöðuga mat á því hvernig skólastarfið gengur, ýmist með reglubundnum könnunum, samantekt á upplýsingum sem verða til jafnt og þétt eða samanburði.


Framkvæmd mælinganna fer fram með því að:

- Upplýsingar eru teknar úr upplýsingakerfum skólans, Innu, Námskjánum og bókhaldskerfinu Oracle
- Upplýsingum er safnað með könnunum
- Kannanir á meðal nemenda eru rafrænar og notaður er Námskjárinn.
- Utanaðkomandi sérfræðingar eru fengnir til að gera kannanir.

3. Til að bregðast við niðurstöðum úr áðurnefndum mælingum höfum við aðgerðastig, þar sem skilgreindar eru þær aðgerðir, sem eiga að bæta árangur ef illa eða ekki gengur að ná settum markmiðum. Hver aðgerð er skilgreind sem afmarkað verkefni, með tilheyrandi tímaáætlun, ábyrgðarmanni og eftirfylgni. Ef markmið nást eru þau endurskoðuð og ný sett.

Markmiðin, mælingarnar og aðgerðaáætlunin eru birtar á heimasíðu og um þær fjallað í árlegri sjálfsmatsskýrslu, þannig að kerfið er opið og öllum sýnilegt.

Stöðu og uppsetningu sjálfsmatsins er best hægt að lýsa með því að skoða skorkort skólans, en það er sett upp á næstu blaðsíðu. Á þeirri mynd má sjá stöðu skorkortsins eftir námsárið 2006-2007. Þar má sjá þau markmið sem voru skoðuð á því námsári með litunum grænum, gulum, rauðum og bleikum lit, mismunandi eftir því hvað við á. Þau markmið sem eru blá að lit voru ekki mæld á viðkomandi námsári.



- Merkir að mælingar eru í samræmi við markmið
- Merkir að mælingar eru ekki alveg í samræmi við markmið en þó er um eðlileg frávik að ræða.
- Merkir að mælingar eru ekki í samræmi við markmið, skoða skal hvort ekki sé rétt að grípa til sérstakra aðgerða til að ná settum markmiðum
- Verið er að framkvæma mælingar
- Mælingar ekki hafnar

5. Sjálfsmatsmælingar 2007-2008

Ýmsar mælingar vegna sjálfsmats fóru fram á síðasta starfsári. Þær eru hér settar fram ásamt niðurstöðum og greiningum á þeim og mögulegum úrbótum.

5.1 Starfsmannasamtöl

Formleg starfsmannaviðtöl, eða starfsmannasamtöl eins og við kjósum að nefna þau, fóru fram í apríl 2008. Þar ræddi skólameistari við 18 kennara og stjórnendur. Lengd samtala var frá 45 til 70 mínútur. Í samtölunum var stuðst við meðfylgjandi punkta, sem báðir aðilar höfðu haft til skoðunar áður. Einnig voru niðurstöður áfangamats ræddar eftir því sem ástæða var til. Sérstök áhersla var á að ræða notkun á Námskjánum, tölvunotkun nemenda, upplýsingastreymi innan stofnunarinnar og þáttöku í hugsanlegu jafningamati á næsta skólaári.

5.1.1 Framkvæmd og niðurstöður

Punktar til undirbúnings fyrir starfsmannasamtal.

Til umhugsunar.

Eftirfarandi punktar voru sendir kennurum til umhugsunar og undirbúnings fyrir starfsmannasamtalið, með það að markmiði að gera samtalið markvissara og líklegra til árangurs ef báðir aðilar væru vel undirbúnir. Samtalinu var og er ætlað að bæta samskipti og auka gagnkvæman skilning, þó að það leysi ekki allan vanda. Allt sem fram kom í samtölunum var trúnaðarmál, nema báðir aðilar hefðu ákveðið annað.

Starfið þitt:

- Áfangamatið eða annað mat eftir atvikum.
- Vinnuálag og vinnuaðstaða.
- Samskipti í starfinu.
- Markmið og starfsþróun.
- Styrkur og veikleikar.

Vinnustaðurinn – skólinn okkar:

- Upplýsingaflæði og skipulag.
- Verkefnaskipting, athygli, viðurkenning í starfi.
- Leiðsögn, stuðningur, samvinna.
- Dagleg stjórnun, samskipti á vinnustað.
- Hvað gerum við vel, hvað mætti bæta ?

Framtíðin – markmiðin og hugmyndirnar:

- Þörf fyrir námskeið og endurmenntun.
- Verkefnavinna, stefnumótun, sjálfsmatsvinnan.
- Ný viðfangsefni.
- Hugmyndir um úrbætur eða nýjungar sem bæta skólastarfið.
- Breytingar ? Orlof, starfslok eða annað.

5.1.2 Greining og úrbætur



Allir sem tóku þátt í viðtölunum voru sammála um að Framhaldsskólinn væri góður vinnustaður og að öll aðstaða og samskipti væru til fyrirmyndar. Margar góðar ábendingar komu fram í þessum samtölum og er nú þegar hafinn undirbúningur að því að hrinda sumum þeirra í framkvæmd. Nefna má samstillt átak í haust til að bæta vinnubrögð, námsvenjur og skólaaga hjá nemendum á 1. ári, meiri stuðningskennslu, aukin tengsl milli námsbrauta, að mynda starfshópa um góðar hugmyndir og að setja upp upplýsingaskjái á völdum stöðum í skólanum. Aðrir og persónulegri þættir voru einnig til umræðu í starfsmannasamtölunum en þeir voru skilgreindir sem trúnaðarmál, og verða því ekki tíundaðir frekar í þessari skýrslu.



5.2 Kennslukönnun (áfangamat)



Á árinu var framkvæmt áfangamat hjá öllum kennurum. Niðurstöður fóru til kennara sem matið beindist að og til skólameistara. Hver kennari fær sínar niðurstöður og einnig samanburð við heildarniðurstöður. Áfangamatið er ætlað kennurum til aðstoðar við að meta stöðu sína. Skólameistari fær eintak af öllum könnunum og niðurstöðum þeirra. Í starfsmannaviðtölum kemur áfangamatið einnig til umræðu.

Áfangamatið samanstendur af átta spurningum þar sem nemandinn á að velja eitt svar af sex til að meta tiltekna þætti einstaka áfanga.


5.2.1 Framkvæmd og niðurstöður








Í þessum áfanga var viðmót nemendans til kennarans:



Að öllu athuguðu var áfanginn í heild:



5.2.2 Greining og úrbætur

Í heildina litið voru nemendur almennt ánægðir með kennsluna. 77,51% nemenda finnast þeir þættir sem metnir eru í áfangamatinu góðir eða til fyrirmyndar.

Við sjáum að kennslumatið gefur sömu prósentu hvað varðar þá nemendur sem gefa einkunninna „Til fyrirmyndar“ eða „Góð“. Helsti munurinn er að aukinn fjöldi nemenda velur svarmöguleikann „Til fyrirmyndar“ og má vissulega líta á það sem breytingu til batnaðar. Vert er að nefna að munur síðustu tveggja námsára var mjög mikill þar sem námsárið 2006-2007 sýndi mikla hækkun á jákvæðri svörun miðað við fyrra námsár. Líklegt er að það megi að einhverju leyti þakka innkomu Námskjásins sem er rafrænt náms- og kennsluumhverfi skólans, og nemendur hafa kunnað sérstaklega vel að meta það. Hvað varðar frekar lága útkomu í þeim hluta er viðkemur kennsluháttum s.s. framsetningu kennarans á námsefni teljum við að enn séu kennarar ýmissa greina að venjast námskjánum sem framsetningar- og kennslutæki. Einhverjir kennarar skólans eiga í ákveðnum erfiðleikum með notkun þess, en nemendur gera núorðið ákveðnar kröfur um að allir áfangar séu framsettir með þeim hætti. Á síðasta námsári vissu nemendur að verið væri að taka í notkun þetta námsumhverfi og gáfu því kennurum ákveðinn aðlögunartíma, en þetta námsár hafa þeir að öllum líkindum aukið kröfur sínar hvað þennan þátt varðar. Áfram verður þó haldið að bjóða upp á kennslu fyrir kennara á notkun námskjásins og vonandi þar með, mun útkoma á þessum lið batna þegar fram í sækir, og er það í raun stefna skólans að námsefni allra áfanga verði aðgengilegt nemendum innan þessa nýja námsumhverfis.

5.3 Könnun á viðhorfi foreldra nemenda við FÍV til skólans

Á haustönn 2007 var gerð rannsókn á viðhorfi foreldra ólöggráða nemenda við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum til skólans. Úrvinnsla á þessari könnun var framkvæmd af Ólafi Tý Guðjónssyni stærðfræðikennara og meistaranema við Kennaraháskóla Íslands. Þessi viðhorfskönnun var í

formi spurnarkönnunar sem send var til 126 heimila í Vestmannaeyjum og bárust 51 svar, sem er 40% svarhlutfall.

5.3.1 Spurningarnar

1. Hvernig telur þú að barninu þínu líði í skólanum?
2. Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti eða mjög alvarlegri stríðni í skólanum á þessu skólaári?
3. Hvernig telur þú að agi sé í skólanum?
4. Finnst þér starfsfólk skólans koma fram við barnið þitt af virðingu og sanngirni?
5. Telur þú að hæfileikar barnsins þíns njóti sín í skólanum?
6. Hvernig finnst þér samstarf þitt við skólann vera?
7. Hvernig telur þú að samskipti barnsins þíns séu við aðra nemendur skólans?
8. Hvernig finnst þér skólinn vera?
9. Gætir þú mælt með þessum skóla við aðra foreldra?
10. Hvernig finnst þér aðstaða til náms vera í skólanum (húsnæði, búnaður, tæki o.þ.h.)?
11. Finnst þér skólinn vera vel settur með starfsfólk?
12. Hvernig gengur þér að ná sambandi við skólann þegar þú þarft að koma skilaboðum, ná í starfsfólk eða spyrjast fyrir um eitthvað?
13. Finnst þér barnið þitt almennt hafa áhuga á námi sínu?
14. Telur þú að barnið þitt sé hvatt af starfsfólki skólans til að standa sig vel í skólanum?
15. Hvernig finnst þér stjórnun skólans vera?
16. Ert þú nægilega vel upplýst(ur) um það sem fram fer í skólanum?
17. Notar þú heimasíðu skólans?
18. Fylgist þú með upplýsingum um barn þitt gegnum upplýsingakerfi skólans?

5.3.2 Niðurstöðurnar

Svörunin er sett fram í fimm þrepa Likert kvarða með mestu neikvæðni sem gildið 1 og mestu jákvæðni sem gildið 5. Kvarðanum var eingöngu snúið þegar spurt var um mögulegt einelti innan skólans. Eftirfarandi tafla sýnir meðaltal hvernar spurningar fyrir sig þar sem hæsta meðaltal er 5,00 og lægsta er 1,00 og fræðilegt miðgildi er því 3.

Spurning	Efni spurningar	Meðaltal
1	Líðan barns	4,216
2	Einelti	4,902
3	Agi	3,200
4	Framkoma starfsfólks	4,080
5	Hæfileikar barns	3,529
6	Samstarf við skóla	3,588
7	Samskipti barns við aðra nemendur	4,373
8	Hvernig finnst þér skólinn vera	3,824
9	Getur þú mælt með skólanum	3,784
10	Aðstaða til náms	4,041
11	Hæfni starfsfólks	3,373
12	Að ná sambandi við skólann	4,460
13	Áhugi barns á námi sínu	3,882
14	Hvatning starfsfólks	3,176
15	Stjórnun skólans	3,647
16	Upplýstur um starfsemi skólans	3,340
17	Notar þú heimasíðu skólans	2,824
18	Upplýsingakerfi skólans, INNA	2,922

5.3.3 Greining og úrbætur

Almennt séð virðast foreldrar vera jákvæðir í garð skólans. Það sem helst virðist vera ófullnægjandi eru þeir þættir sem snúa að heimasíðu skólans og upplýsingakerfi hans um nemendur. Þá þætti mætti bæta með auknu upplýsingaflæði á heimasíðu skólans og nánari tengingu við það starf sem fram fer innan skólans hverju sinni, þá sérstaklega hvað varðar fréttaveitu heimasíðunnar. Til að mæta þessu hefur verið valinn ritstjóri heimasíðu úr hópi starfsmanna, og er það von stjórnenda að með því úrræði megi bæta þessa útkomu. Einnig ber þó að hafa áhyggjur af þeirri útkomu þegar spurt er um hæfni starfsfólks og hvatningu starfsfólks til nemenda. Út á við eru þetta þættir sem verða að mælast sterkari og er það ætlunin að reyna að komast að orsökum þessara niðurstaðna. Hvað varðar þekkingu

skólans á þessum þáttum, og þá sérstaklega hæfnismati kennara við skólann, kemur í ljós að hæfni kennara ætti að mælast frekar mikil ef menntunarstuðull starfsmanna við skólann væri notaður þar sem helsta viðmið, ásamt reynslu í starfi. Það er því sérstaklega vert að athuga þær ástæður sem liggja að baki þessum viðhorfum foreldra, og í raun nauðsynlegt að bregðast skjótt við.

5.4 Ímyndarkönnun

Starfsmenn skólans hafa almennt jákvætt viðhorf til vinnustaðarins og starfsmannavelta er mjög lítil. Áhugi var þó á því hvaða viðhorf aðrir bæjarbúar hafa til vinnustaðarins og var þar með ákveðið að gera könnun á meðal bæjarbúa. Mánuðina apríl – maí 2007 framkvæmdi því Capacent GALLUP ímyndarkönnun fyrir FÍV með það fyrir augum að kanna ímynd skólans meðal Vestmannaeyinga. Úrtakið var 625 manns frá Vestmannaeyjum á aldrinum 16 – 75 ára. Fimm stiga kvarði var notaður með hæsta gildi 5 sem „mjög jákvæður“ og lægsta gildi 1 sem „mjög neikvæður“.

5.4.1 Spurningar og niðurstöður

Eftirfarandi eru spurningar og niðurstöður sem úr könnuninni fengust:

Sp. 1 Ertu jákvæður eða neikvæður gagnvart FÍV?

Hér er jákvæð svörun **87,5%** og neikvæð svörun **4,1%**.

Sp. 2 Ertu ánægður eða óánægður með námsframboð FÍV?

Hér er jákvæð svörun **53,5%** og neikvæð svörun **27,1%**.

Sp. 3 Ertu ánægður eða óánægður með þjónustu FÍV?

Jákvæð svörun **84,1%** og neikvæð svörun **6,8%**

Sp. 4 Telur þú að það sé almennt gott eða slæmt að vinna hjá FÍV?

Hér er jákvæð svörun **95,4%** og neikvæð svörun **1,4%**.

5.4.2 Greining og úrbætur

Könnunin gefur sterklega til kynna að íbúar í Vestmannaeyjum hafi almennt jákvætt viðhorft til skólans í heild. Þó er helst að viðhorf bæjarbúa til námsframboðs innan skólans er mætti vera jákvæðara og hefur nú verið unnið í því að bæta úr þeim þætti en þau úrræði koma seinna fram í skýrslunni á ítarlegan hátt. Gríðarlega hátt hlutfall bæjarbúa lítur á skólann sem góðan vinnustað og er það ánægjulegt og mjög af hinu góða.

5.5 Könnun á starfsumhverfi

Gerð var könnun á umhverfi ríkisstarfsmanna á vorönn 2007, og hefur sú könnun verið endurtekin á vorönn 2008, en niðurstöður hennar hafa ekki enn verið birtar. Því viljum við halda niðurstöðunum frá síðustu þekktu könnun inni í sjálfsmati okkar í stað þess að fjarlægja þær. Helstu ástæður sem liggja að baki því að notast við þessa skýrslu í annað sinn er að starfsmannavelta er mjög lítil innan skólans og breytingar á rekstrarumhverfi eða stjórnunarháttum hafa ekki komið til framkvæmda á þeim tíma sem liðið hefur frá framsetningu könnunarinnar vorönn 2007. Megi því líta á það þannig að niðurstöður hefðu alla jafna ekki átt að breytast mjög mikið á milli þessara tveggja námsára.

5.5.1 Framkvæmd og niðurstöður

Í könnunni þá er einstaka þáttum gefin einkunn á kvarðanum 1-5. Hæsta meðaltal er 5 en það lægsta 1. Fræðilegt miðgildi er þá 3. Könnuð var margvísleg ánægja starfsmanna ásamt því að viðhorf þeirra til upplýsingastreymis innan skólans var rannsakað. Eftirfarandi eru þær niðurstöður sem skólanum voru birtar.

5.5.1.1 **Ánægja starfsmanna**

Starfsmenn Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum gefa starfsánægju einkunnina 4,24 sem er heldur hærra en hjá öðrum opinberum fyrirtækjum og stofnunum. Starfsandi fær einkunnina 4,09 sem er einnig heldur hærri

einkunn en hjá öðrum opinberum fyrirtækjum og stofnunum. Hollusta fær einkunnina 3,73 sem einnig er heldur hærri einkunn en önnur opinber fyrirtæki og stofnanir fá.

5.5.1.2 **Upplýsingastreymi**

Starfsmenn Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum gefa þessum þætti einkunnina 3,49 sem er heldur lægra en hjá öðrum framhalds- og háskólum.

5.5.2 Greining og úrbætur

Talið var að úrbóta væri helst þörf á þeim lið er fjallaði um upplýsingastreymi milli starfsmanna og stjórnenda. Helstu úrbætur sem skólinn hefur komið með á þessu sviði er að upplýsingaskjár hefur verið tekinn í notkun á kaffistofu kennara, tekið hefur verið upp að dreifa upplýsingum á vinnuborð kennara og notkun á netpósti hefur aukist. Möguleg aukning samskipta innan Námskjásins milli kennara annarsvegar og milli kennara og stjórnenda hins vegar hafa einnig verið til skoðunar en þau eru þó ekki enn komin til framkvæmda. En skólinn er sannarlega að vinna að úrbótum hvað varðar þennan þátt og vonast til þess að uppskera hærri einkunn í næstu könnun. Í starfsmannasamtölum í apríl 2008 var sérstaklega spurt um upplýsingastreymi innan skólans og 16 af 19 kennurum sem í viðtölum voru, töldu þau mál í mjög góðu lagi.

6. Núverandi staða skorkorts

Það er okkar mat að eðlilegast sé að greina sérstaklega alla liði skorkorts miðað við núverandi stöðu, bæði með tölulegum og persónulegum upplýsingum, fengnum úr könnunum, öðrum mælingum og upplýsingum frá stjórnendum, kennurum og nemendum. Þar með ætti að fást besta heildarmyndin fyrir þá sem sjá um að meta skólastarfið, innra og ytra umhverfi skólans og skilvirkni sjálfsmatins í heild. Hér á eftir má því sjá heildarmat skólans á þeim þáttum sem sjálfsmatskerfi skólans setur fram í sínu skorkorti skipt niður eftir víddum þess.

6.1 Fjármál

6.1.1 Árangursrík fjármálastjórnun

Þegar ársreikningar skólans eru skoðaðir aftur til ársins 1998 má sjá að skólinn hefur eingöngu þrisvar sinnum skilað tekjuhalla en hin árin hefur verið tekjuafgangur. Má að langmestu leyti skýra viðkomandi tekjuhalla vegna eignakaupa skólans. Hin sjö árin hefur skólinn verið rekinn með tekjuafgangi. Á síðasta ári var rekstrarafgangur umtalsverður og hækkaði höfuðstóllinn á milli ára um rétt rúm 43% og stóð í lok árs 2007 í 26,4 milljónum.

6.1.2 Áreiðanlegar upplýsingar um rekstur og starfsemi

Upplýsingar um rekstur og starfsemi skólans á ársgrundvelli liggja fyrir í ársreikningum skólans fyrir árið 2007 sem staðfestir eru af Ólafi Hreini Sigurjónssyni, skólameistara, Baldvini Kristjánssyni aðstoðarskólameistara, Sigurði Þórðarsyni ríkisendurskoðanda og Sveini Arasyni endurskoðanda.

6.1.3 Standast fjárhagsáætlanir

Skólinn hefur síðustu 10 ár staðist fjárhagsáætlunir ríkisins utan þriggja ára þar sem mestu um munaði stórum tækjakaupum innan skólans. Það er því óumdeilanlegt að árangursrík fjármálastjórnun innan skólans hefur

undanfarin ár skilað sér í rekstri sem rúmast vel innan ramma fjárhagsáætlana og hefur höfuðstóll skólans í raun sýnt í nokkur ár uppsafnaðan rekstrarárangur gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í dag er skólinn fjárhagslega einn stöndugasti framhaldsskóli landsins.

6.2 Starfsmenn / Þekking / UT

6.2.1 Efla þekkingu starfsmanna

Við skólann starfa 24 kennarar ásamt öðru starfsfólki. Þeir kennarar sem ekki hafa fullgild kennararéttindi eru átta talsins og eru fjórir þeirra að afla sér menntunar til að bæta úr því. Einnig eru nokkrir kennarar við skólann sem eru að afla sér viðbótarmenntunar, hvort heldur sem er á meistara- eða doktorsstigi viðkomandi sérþekkingar sinnar. Auk þess er vert að nefna að skrifstofustjóri skólans er í sérhæfðu skrifstofustjóranámi. Stjórnendur skólans gera sér grein fyrir nauðsyn þess að kennarar viðhaldi fagþekkingu sinni sem kemur fram í auknum verðmætum starfsmanna, og hafa því verið sveigjanlegir þegar kemur að fjarvistum kennara samfara námi þeirra. Undanfarið námsár hafa verið haldin ýmis námskeið innan skólans og má þar helst nefna tölvunámskeið sérstaklega ætlað kennurum í Office forritum, ásamt námskeiði þar sem sérstaklega var farið yfir rafrænt námsumhverfi nemenda og kennara sem kallað er Námskjár. Einnig var haldið stutt námskeið um vinnu með einhverfum og ofvirkum nemendum.

Önnur fagleg námskeið hafa einnig staðið starfsmönnum skólans til boða á meginlandinu, en ásókn í þau hafa verið dræm, og þá helst vegna óumflýjanlegra ferðalaga þeim tengdum.

6.2.2 Auka ánægju starfsmanna

Markviss umræða hefur verið um það að auka félagslíf starfsmanna bæði innan og utan veggja skólans sem lið í að auka starfsánægju og hefur það nú þegar komið til framkvæmda við skólaslit á vorönn 2008, og gaf það sérstaklega góða raun að mati starfsmanna. Með öflugum hópi

starfsmanna og góðum starfsanda verður skólinn sem stofnun sterkari sem heild. Mælingar á vorönn 2007 sýndu fram á að starfsmenn skólans gefa starfsánægju sinni mjög góða einkunn og er sú einkunn heldur hærri en hjá öðrum opinberum fyrirtækjum.

6.2.3 Öflug notendavæn upplýsingakerfi

Síðustu þrjú námsár hefur verið notast við rafrænt náms- og kennsluumhverfi innan skólans sem kallað er Námskjár. Innleiðing þess var fyrir meginþorra kennara við skólann, algjör bylting á framsetningu og varðveislu kennsluefnis, bæði hvað varðar til geymslu og framsetningu til nemenda. Nemendur í dag eru mjög tæknivæddir og má segja að kerfið að mörgu leyti uppfyllt háværar kröfur nemenda um að tölvuvæða kennslu við skólann enn frekar en áður hafði verið gert. Segja má að skólinn hafi tekið sig sérstaklega á varðandi þennan þátt, vegna þess að á vorönn 2007 sýndi könnun fram á það, að starfsmenn skólans gáfu upplýsingastreymi innan skólans heldur lægri einkunn en almennt gerist hjá öðrum framhaldsskólum. Vitað er til þess að mælingar hafi farið fram á þessum þætti af hálfu hins opinbera fyrir þetta námsár en niðurstöður eru ekki kunnar. Fyrir haustönn 2008 mun kerfisstjóri skólans uppfæra og stækka sameiginlega gagnagrunna skólans sem kemur sér sérstaklega vel þar sem verið er að mæta aukinni notkun margmiðlunarefnis í kennslu við skólann.

6.2.4 Samvinna í starfi

Hvað varðar þennan þátt þá hefur hann ekki verið mældur sérstaklega en mögulegir áhrifaþættir hans gætu verið mælingar á starfsánægju starfsmanna og starfsandamælingum sem fram fóru á vorönn 2007. Þar skoraði skólinn frekar hátt og nokkuð herra en aðrir framhaldsskólar á landinu.

Án þess að þessi þáttur hafi þá verið sérstaklega mældur eins og áður segir, hefur skólinn brugðist við mögulegum vandamálum sem að gætu steðjað hvað hann varðar. Á haustönn 2007 var tekin upp sú nýbreytni að einn kennari skólans var sérstaklega skilgreindur sem aðstoðarmaður þeirra kennara sem voru að hefja störf, og skilgreindir voru sem nýliðar.

Hvað varðar samvinnu og aðstoð í starfi hefur það virst vera auðvelt fyrir t.d. nýja kennara að leita til þeirra sem reyndari eru sökum smæðar skólans, en með þessari aðgerð skólans er talið að sú aðstoð verði markvissari og bæti um leið starfsumhverfi nýrra kennara og starfsmanna við skólann, og minnki þar með enn möguleikann á aukinni starfsmannaveltu.

6.2.5 Eftirsóttur vinnustaður

Það er ekki algengt að Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum þurfi að glíma við starfsmannaeklu, ólíkt því sem annars staðar gerist á landinu. Ofast nær hefur verið sótt um lausar stöður við skólann og starfsmannaekla því verið lítil sem engin. Skólinn hefur lengi getað státað af lítilli starfsmannaveltu og er það ánægjulegt þar sem gífurleg verðmæti eru bundin í starfsfólki með þekkingarbundna reynslu. Mælingar á vorönn 2007 hafa einnig sýnt að starfsmenn skólans gefa honum frekar hærri hollustueinkunn en öðrum framhaldsskólum og háskólum.

6.3 Innri ferli

6.3.1 Efling kennslu á sem víðtækastan hátt

Á því námsári sem er að líða hefur skólinn unnið sérstaklega að því að efla kennslu innan skólans með auknu námsframboði, ásamt því að hafa lagt sérstaka áherslu á að þróa almennu námsbrautina á þann hátt að uppsetning hennar komi til með að vinna gegn brottfalli nýnema við skólann. Ef borinn er saman fjöldi áfanga sem í boði var námsárið 2006 – 2007 við námsárið 2007 - 2008 má sjá að fjöldi áfanga sem nú voru í boði, voru mun fleiri en árið áður. Samanlagður áfangafjöldi námsárið 2006 – 2007 var 152 en námsárið 2007 – 2008 var samanlagður áfangafjöldi 174. Fjölgun áfanga á milli ára er því 22 áfangar. Hlutfallsleg fjölgun áfanga er því 14,5% sem er í raun mjög mikil fjölgun. Þó að skólinn hafi vissulega sýnt fram á eflingu kennslu á síðasta námsári í formi áfangafjölgunar er ætlunin að bæta um betur á komandi námsári. Hefur

þá verið leitast sérstaklega eftir samvinnu við aðra fagaðila t.d. Nýsköpunarmiðstöð Íslands og köfunarfélagið IS-DIVE.

6.3.2 Efla námsleiðir

Námsleiðir innan skólans hafa á síðasta námsári verið eflar og má þar helst nefna skipstjórnarbraut skólans og nám til stúdentsprófs á Viðskipta- og hagfræðibraut. Einnig er svo verið að vinna að nýrri námsbraut sem kallast FAB LAB og útleggst á íslensku sem Stafræn smiðja, en upphaf þessa náms má rekja til hins virta háskóla MIT í Bandaríkjunum og verður þetta nám kennt í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

6.3.3 Innri og ytri endurskoðun og sjálfsmat

Sú innri endurskoðun sem fram fer innan skólans, snýr sérstaklega að þeim þáttum er snerta viðskiptavini hans, starfsmenn og aðra hagsmunaaðila. Einnig er þar auðvitað um að ræða fjármál og rekstur skólans. Það er okkar vilji að sjálfsmat skólans taki sérstaklega á þessum þáttum og geri þá þannig úr garði að þeir verði vel hæfir til ytri endurskoðunar, sem er þá í höndum sjálfsmatsaðila hins opinbera. Mælingar á þessum þætti ættu því einna helst að miðast við niðurstöður matsaðila á sjálfsmatskerfi skólans.

6.3.4 Öruggt og heilnæmt umhverfi

Þessi þáttur hefur ekki verið sérstaklega mældur eða skilgreindur innan skólans og hefur hann til að mynda ekki myndað sér neina „græna stefnu“ eða heilbrigðisstefnu. Í stefnuskrá skólans kemur þó fram að hann leitist við að efla hollt félagslíf nemenda, ábyrgðarkennd, sjálfstraust, háttvísi og umburðarlyndi. Þó mætti skoða betur að íhuga sérstaklega að sparnaði í pappír og raforku svo minnst sé á einhverjar hugmyndir þar um. Þó er einnig vert að nefna að Framhaldsskólinn Í Vestmannaeyjum var valinn snyrtilegasta fyrirtæki Vestmannaeyja árið 2007, og gæti skólinn jafnvel sett sér það að markmiði að verja þann titil á þessu ári.

6.3.5 Markviss kynning á skólanum

Kynningarstarf skólans á síðasta námsári var óvenju mikið ef miðað er við fyrri ár. Markvisst kynningarstarf skólans hófst með útgáfu og dreifingu kynningarbæklings í lok vorannar 2007, þar sem skólinn kynnti námsframboð sitt, sérstöðu og umhverfi. Til þess að fylgja útgáfu bæklingsins eftir tók skólinn þátt í kynningardegi Smáralindarinnar í mars að 2007, þar sem fyrirtæki og stofnanir frá Vestmannaeyjum kynntu starfsemi sína. Á vorönn 2008 gaf skólinn út kynningarbækling sem fjallaði sérstaklega um skipstjórnar- og vélstjórnarbrautir hans, og var honum dreift í fyrirtæki, stofnanir, og öll skip á landinu, ásamt öðrum mögulegum markhópum. Á hverju ári býður skólinn einnig öllum nemendum úr efsta bekk Grunnskóla Vestmannaeyja ásamt foreldrum, til kynningar á starfi skólans, ásamt því að öðrum grunnskólabekkjum hefur staðið til boða að koma í skólaheimsókn.

Markviss kynning á starfi skólans er samkvæmt skorkorti okkar fylgibreyta að bættri ímynd skólans með tilliti til viðhorfa bæjarbúa og annarra hagsmunaaðila. Það er okkar mat að á þessu námsári hafi sérstaklega verið einblínt á faglegt kynningar – og markaðssetningarstarf skólans sem kemur til með að bæta ímynd hans út á við og vonandi fjölga nemendum í náinni framtíð.

6.4 Viðskiptavinir

6.4.1 Aukin menntun nemenda

Samkvæmt áfangamati sem fram fór á vorönn 2008 var það hlutfall nemenda sem telur vinnubrögð sín góð eða til fyrirmyndar um 75% en á vorönn 2007 mældist það um 77%. Þetta hlutfall hefur því lækkað um 2% á milli ára. Markmið skólans var þó engu að síður uppfyllt því lagt var upp með að ná 75% hlutfalli í þessum mælipætti. Þó er lækkunin áhyggjuefni þar sem einnig var lagt upp með að hlutfallið myndi færast upp á við milli ára. Þetta þarf því að skoða sérstaklega áður en næsta mæling fer fram.

Má þó benda á að í áfangamatinu jókst það hlutfall nemenda sem taldi vinnu sína „Til fyrirmyndar“ en það hlutfall virtist þó eingöngu færast af þeim hópi nemenda sem taldi á árinu áður vinnu sína vera „Góða“ og lokaútkoma var því næst sú sama eins og áður hefur verið greint frá.

6.4.2 Öflugt námsframboð

Könnun sem gerð var af Capacent Gallup sýnir fram á að 53,5% bæjarbúa gefa jákvæða svörun varðandi afstöðu þeirra til námsframboðs skólans, en engu að síður er þó um að ræða 27,1% neikvæða svörun sem þykir heldur of mikið.

Vegna smæðar sinnar og ákveðinnar einangrunar við aðra mögulega markhópa hefur skólinn hingað til ekki haft bolmagn eða fullnægjandi eftirspurn til að geta boðið upp á jafn mikið námsframboð og margir aðrir skólar á landinu. Eins og áður hefur komið fram jók skólinn þó námsframboð sitt um 14,5% á milli síðustu tveggja námsára og er það mat skólans að það fullnægi markmiðasetningu hans á svo stuttum tíma. Skólinn hefur nú þegar reynt að koma til móts við síauknar kröfur um aukið námsframboð með t.d. skipstjórnarbraut á 1. og 2. Stigi. Á næsta námsári verður komið upp Stafrænni smiðju í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og köfunaráfanga í samvinnu við köfunarfélagið IS-DIVE. Fyrir næstu önn ætlar skólinn sér einnig að þróa sérstaklega verklega almenna námsbraut með það sérstaklega að markmiði að þjóna þeim hópi sem ekki stóð sig vel í bóknámsáföngum í efstu bekkjum grunnskóla.

6.4.3 Aukinn þroski nemenda

Þó að þennan þátt sé vissulega að finna í skorkorti skólans er erfitt að finna hentugar mælingar á honum og hefur hann ekki enn verið mældur sérstaklega. Í skorkorti skólans er þessi þáttur fylgibreyta við þann þátt er fjallar um Góða líðan nemenda. Ef litið er á þroskaþátt nemenda í því samhengi má vissulega ganga út frá því að námið stuðli á fullnægjandi hátt að auknum þroska þeirra, þó auðvitað komi einnig til aðrir þættir sem þarf þá að gera sérstaklega ráð fyrir í mati þessa þáttar í næstu mælingu.

6.4.4 Aukin ánægja nemenda með skólann

Námsárið 2006-2007 var þessi þáttur mældur innan skólans og var jákvætt hlutfall einungis 61% en markmið skólans var í upphafi 75%. Þetta er því áhyggjuefni að vissu leyti og þarf því að skoða sérstaklega. Mat á þessum þætti byggðist á meðaltali svara úr fimm spurningum sem mögulegt er að þurfi að gera þrengri og þá jafnvel að fjölga spurningum þar með, til þess að komast að rót vandans. Einnig má þó taka mið af áfangamati þessarar annar þar sem hlutfall nemenda sem gáfu áföngum sínum einkunninna góðan eða til fyrirmyndar var 77,74%. Af þessu má lesa að samræmingar er þörf á þessum mæliþáttum.

6.4.5 Góð líðan nemenda

Líðan nemenda við skólann var mæld í apríl 2007 og var jákvæð svörun 79% þar sem markmið skólans var 76%. Einnig má bera saman þær niðurstöður við könnun á viðhorfi foreldra barna við FÍV þar sem spurt var um líðan barna þeirra í skólanum og var meðaltal svörunar þar 4,216 þar sem fræðilegt miðgildi könnunar var 3. Umreiknað í % gefur það okkur 80,4% jákvæða svörun sem er mjög há fylgni við könnunina sem gerð var á vorönn 2007.

6.4.6 Bætt ímynd skólans meðal bæjarbúa

Sú ímyndarkönnun sem gerð var af Capacent Gallup á vorönn 2007 gefur skýra mynd af ímynd bæjarbúa af skólanum. Almenn jákvæðni virðist vera til staðar en þó einna síst þegar spurt er um viðhorf bæjarbúa til námsframboðs skólans. Eins og áður hefur þó komið fram hefur skólinn nú þegar aukið námsframboð sitt til muna og kemur á næstu önn til með að auka það enn frekar. Það er því von skólans að jákvæðnisstuðull gagnvart skólanum komi til með að hækka enn frekar meðal bæjarbúa þegar fram í sækir.

7. Greining tölfræðilegra gagna innan FÍV

Að venju voru framkvæmdar ýmsar gagnagreiningar á árinu. Árangur allra nemenda skólans var einnig skoðaður og hversu vel eða illa þeir mættu í tíma á árinu. Niðurstöður gagnagreininga eru til umfjöllunar á sérstökum fundum innan skólans.

7.1 Mætingar nemenda

Á haustönn 2007 var mætingarhlutfallið 92,4% og raunveruleg mæting 82,3%. Fjöldi nemenda sem fengu einingu fyrir mætingu var 67 eða 20% nemenda.

Á vorönn 2008 var mætingarhlutfallið 90,7% og raunveruleg mæting 73,9%. Fjöldi nemenda sem fékk einingu fyrir mætingu var 41 eða 15,5% nemenda.

Sá munur sem liggur í raunverulegri mætingu og mætingareiningarhlutfalli nemenda á milli vorannar og haustannar má að langmestu leyti skýra með því hlutfalli nemenda sem stundaði vinnu á loðnuvertíðar-tímabilinu á vorönninni.

7.2 Niðurstöður prófa

Við lok haustannar voru nemendur enn skráðir í 4217 eininga nám. Falleiningar reyndust 567 í 225 áföngum og staðnar einingar 3650 eða 86,5%.

Við lok vorannar eru sambærilegar tölur 3557 einingar, falleiningar 442 í 166 áföngum og staðnar einingar 3115 eða 87,6%.

8. Samstarf við aðra skóla

FÍV var með á skólaárinu 2007-2008 10 nemendur Grunnskóla Vestmannaeyja í námi í ensku, dönsku, stærðfræði og íslensku. Sóttu nemendur grunnskólans tíma með nemendum framhaldsskólans.

Fjórir nemendur 10. bekkjar Hvolsskóla á Hvolsvelli stunduðu fjarnám í byrjunaráföngum ensku og dönsku.

Haustið 2007 tók skólinn þátt í nýju alþjóðlegu skólaverkefni sem nefnist EYE blog (European Youth Experience on blog). Þar er unnið að því að efla alþjóðleg samskipti nemenda á bloggi. Þátttakendur koma frá sex mismunandi skólum sem staðsettir eru á Íslandi, Frakklandi, Póllandi, Tyrklandi og tveir á Ítalíu. Líklegt er að skóli frá Svíþjóð taki einnig þátt í verkefninu. Fyrsta vinnulota þessa verkefnis var haldinn í Cesena Ítalíu dagana 12-16. Desember 2007. Á vorönn 2008 var síðan önnur vinnulota þessa verkefnis haldinn hér í Vestmannaeyjum dagana 14.-16. apríl. Næsta vinnulota í EYE blog skólaverkefninu verður haldinn í Póllandi þann 6.október næstkomandi.

Einnig fóru í lok vorannar tveir kennarar skólans ásamt 13 nemendum til Svíþjóðar, þar sem heimsókn nemenda og kennara frá Rekarne-gymnasíet í bænum Eskilstuna var endurgoldin. Þar var unnin ýmis verkefnavinna meðal nemenda, með sérstakri áherslu á menningar- og tólmstunda-samanburð milli landanna tveggja.

9. Þróunarverkefni

Lokið var við verkefni sem fól í sér innleiðingu og þróun á sjálfsmatstæki skólans á síðasta námsári. Þetta námsár hefur það verið endurmetið á þann hátt að það þjóni skólanum á sem bestan hátt.

Á síðasta námsári var sótt um styrk til Þróunarsjóðs framhaldsskóla til að þróa almennu námsbrautina og í maí 2007 lá fyrir samþykki um styrk að upphæð 1.000.000 til verkefnisins. Þróun almennrar námsbrautar er nú komin af frumstigi og fenginn hefur verið utanaðkomandi sérfræðingur til þess að vinna að nánari útfærslu verkefnisstjóra skólans á þróun hennar.

Í þeim tilgangi að efla sérstöðu skólans og efla námsframboð hefur skólinn þessa önnina verið að vinna að nýrri námsleið sem kallast FAB LAB eða „Stafræn smiðja“. Þetta nám er unnið í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og verður smiðjan hin fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, en hún tekur til starfa á haustönn 2008.

Þar sem skólinn hefur lengi haft áhuga á því að nýta nálagð sína við hafið og bæta enn við námsframboð sitt, hefur einnig verið ákveðið á haustönn 2008 að bjóða upp á áhugaverðan valáfanga í köfun í samstarfi við IS-DIVE, og veitir sá áfangi alþjóðleg köfunarréttindi.

Skipstjórnarbraut skólans sem var endurvakin haustið 2007, var hluti í að efla námsframboð innan skólans enn frekar og notast á einhvern hátt við nálagð skólans við fiskimiðin og þann iðnað og útveg sem fram fer hér í Vestmannaeyjum.

Einnig er ætlunin á þessu sumri að skipuleggja almenna verknámsbraut sem sérstaklega er þróuð með tilliti til þeirra nemenda sem hvað lakastir hafa verið í bóknámsgreinum grunnskólastigsins, og er ætlunin að hún taki til starfa á haustönn 2008.

10. Samantekt og umbótaáætlun

10.1 Samantekt

Stefnuskrá skólans og sú framtíðarsýn er þar birtist er ljós og þeir þættir stefnuskrár er úttekt var gerð á eru að mati stjórnenda í góðum farvegi. Ekki hafa allir þættir skorkortsins verið sérstaklega mældir, enda ekki ætlast til þess samkvæmt skorkorti, en það er mat stjórnenda skólans að fagleg úttekt á þeim hafi farið fram í þessari skýrslu sem skili skólanum niðurstöðum um ástand þeirra út frá þeirri markmiðasetningu sem skólinn setti sér í upphafi.

Líkt og áður höfum við lagt megináhersluna á Viðskiptavinavíddina en skólinn er sem fyrr mjög nemendamiðaður og viljum við að þeir njóti ávallt sem bestu þjónustu, en birtingarmyndir þessarar víddar eru æði fjölbreyttar og oftar en ekki umfangsmiklar í mælingum.

Í fyrsta sinn hefur ákveðinn mæling farið fram á þeirri vídd sem kallast Fjármálavíddin í skorkorti skólans. Það að setja sér hagnaðarmarkmið í þeirri vídd er ekki fyrir hendi þar sem skólinn er í raun ekki, og á í raun ekki að vera rekinn með slíkum markmiðum, enda falli hann í dag ekki undir slíkt rekstrarform. Það liggur því beinast við að skoða eingöngu hvort skólinn nái að standast fjárhagsáætlun, gegnsæi rekstrarþátta hans og aðra tengda þætti með samanburði við fyrri ár eða jafnvel aðrar stofnanir.

Hvað þá vídd varðar er fjallar um innri ferli virðist skólinn hafa unnið mikið starf í formi öflugs kynningarstarfs, eflingu námsleiða ásamt eflingu náms almennt á sem víðtækastan hátt með tilkomu nýrra námsleiða og sérhæfðs náms fyrir nemendur sem ekki eru sérstaklega sterkir í bóklegum greinum. Þó mætti leggja meiri áherslu á heilbrigðisstefnu innan skólans.

Starfsmannavíddin hefur verið tekin hér sérstaklega til skoðunar og beðið er með eftirvæntingu eftir næstu starfsumhverfiskönnun hins opinbera til samanburðar við það ástand sem hefur verið lýst í þessari skýrslu.

10.2 Umbótaáætlun

Það er ljóst að ekki hafa allir þættir sjálfsmatsins skilað þeim niðurstöðum sem vonast var til í upphafi. Því eru það næstu skref skólans að meta stöðu þeirra þátta og stefna að því að komast að helstu ástæðum þessara niðurstaðna og hvernig skilvirknislega megi bæta útkomu þeirra. Greinilegt er að samræmingar er þörf á ýmsum mæliaðferðum skólans, og sérstaklega þeim sem snúa að viðskiptavíddinni.

Það kemur þó fleira til þar sem sjálfsmatið sem slíkt er frekar nýtilkomið tæki sem fastur liður í starfi skólans. Nauðsynlegt er að skólinn skoði einnig hvort ekki séu fleiri þættir innan skólans sem þarfnist mælinga og má þar t.d. nefna alla þá þætti sem falla undir jafnréttisskilgreininguna, og þá ekki eingöngu í tengslum við kynjajafnréttið sem slíkt.

En að lokum þá hefur skólinn gert sér grein fyrir því að sjálfsmat er hringlaga ferli sem kemur til með að styrkja skólann ef vel er að því staðið, og hefur í raun, samkvæmt mælingum þess nú þegar styrkt hann á margvíslegan hátt. Ný framhaldsskólalög geta þó leitt til þess að skólinn þurfi að endurmeta sjálfsmatsaðferðir sínar að einhverju leyti þar sem mikið er um breyttar áherslur í hinum nýju lögum.

Vestmannaeyjum 18. Júní 2008

Ólafur Hreinn Sigurjónsson – Skólameistari

Baldvin Kristjánsson - Aðstoðarskólameistari

Björgvin Eyjólfsson - Áfangastjóri

Gunnar Friðfinnsson - Ritstjóri